

AUGLÝSING**um flutningsjöfnunargjald á sementi.**

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973 um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið, að flutningsjöfnunargjald pr. hvert tonn af sementi skuli vera kr. 3 300 frá 1. júní 1977, þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna, og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 31. maí 1977.

F. h. r.

Gylfi Knudsen.

Yngvi Ólafsson.